

SAUÐFJÁRBEIT OG ÍSLENSK VISTKERFI: AFNEITUN VANDA



Jarðvegur er órjúfanlegur hluti vistkerfa á landi, hlekkur í hringrásum orku, vatns og næringar. Mikil fólksfjölgun veldur stigvaxandi álagi á vistkerfi jarðar, sem mörg hver eru ekki burðug fyrir, sérstaklega á viðkvæmum jaðarsvæðum. Nú þegar nýliðið er alþjóðlegt ár helgað jarðvegsauðlindinni er við hæfi að huga að stöðu íslenskra landvistkerfa.

Viðamiklar upplýsingar liggja fyrir um eðli og ástand íslenskra vistkerfa. Jarðvegsrof í landinu öllu var kortlagt á árunum 1991–1997 og hlaut það verkefni umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 1998. Gróður hefur verið kortlagður um mest allt landið á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands (Rannsóknastofnun landbúnaðarins hóf það verk), og að auki er til heildstætt yfirlit um gróður sem tekur meðal annars mið af beitarnytjum („Nytjaland“ Landbúnaðarháskóla Íslands). Hlutdeild hinna ýmsu gróðurflokka, auðna og illa farins lands er vel þekkt á öllum afréttum landsins en þær upplýsingar sýna hvort land getur talist beitarnæft. Stórir hlutar landsins eru illa grónir, einkum á gosbeltinu og öðrum svæðum þar sem jarðvegi er allra hættast við rofi. Auðnir eru vitaskuld ekki hæfar til beitarnýtingar, þar eru hringrásir orku, næringar og vatns rofnar, virkni vistkerfanna er hrugin. Rýr mólendi, sem meðal annars hafa mótast af langvarandi beit, einkenna stærstan hluta af gróðurlendi landsins. Rannsóknir sýna að landið er víða í framför þar sem beit hefur

minnkað eða verið aflétt. Það á þó ekki við á þeim svæðum landsins sem mest eru beitt og almennt ekki á auðnum og rofsvæðum sem nýtt eru til beitar. Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar fagfólks, Landgræðslu ríkisins, náttúruverndarsamtaka og almennings hefur ekki tekist að friða auðnir og viðkvæmustu vistkerfi landsins fyrir beit. Þetta er í senn furðuleg staða og óþolandi.

Íslendingar eru aðilar að alþjóðlegum sáttmálum á sviði umhverfismála, svo sem samningi um varnir gegn landeyðingu, loftslagssamningnum og samningnum um líffræðilega fjölbreytni. Allir þessir samningar tengjast og allir gera þeir ráð fyrir að spornað sé gegn landeyðingu og unnið að endurheimt hnignaðra vistkerfa. Vissulega er víða unnið ötullega að vistheimt á Íslandi, en slæmu ástandi á megin svæðum illa farins lands er engu að síður haldið við með beit. Það er í trássi við þessa alþjóðlegu samninga og við skuldbindingar okkar sjálfra gagnvart landinu. Grundvallarregla umhverfisréttar um að náttúran eigi að njóta vafans er sömuleiðis þverbrotin.

Lög um beitarnytjar og landgræðslu eru að stofni til frá 1965 og löngu orðin úrelt. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að koma þessum lögum til nútímahorfs, meðal annars vegna bættrar þekkingar á vistfræði og ástandi landsins, með tilliti til þróunar umhverfismála á alþjóðavísu og með hliðsjón af þörfum fyrir breytta stjórnsýslu í þessum málaflokki. Þessar tilraunir hafa mistekist með öllu.

Umgjörð sauðfjárframleiðslu á Íslandi er jafnframt orðin nokkuð sérkennileg:

- Stuðningsgreiðslur samfélagsins eru gríðarlega miklar en taka ekki tillit til ástands landsins nema að litlum hluta, þarfa landsmanna fyrir framleiðsluna né þarfa hinna mismunandi héraða landsins fyrir slíkan stuðning. Stuðningurinn er víða mikilvægur fyrir áframhaldandi byggð, en sums staðar er hann fullkomlega óþarfur og gengur jafnvel þvert gegn byggðasjónarmiðum, þar sem sauðfjárframleiðsla hamlar þróun annarra atvinnutækifæra.
- Stór og vaxandi hluti framleiðslunnar er fluttur út.
- Réttur sauðfjáreigenda til að beita á annars land er furðulegur en lög um fjallskil og lausagöngu búfjár eru fullkomlega úrelt.
- Kolefnisspor lambakjöts er það stærsta í kjötframleiðslu, vistspor sauðfjárframleiðslu á illa grónu landi er ennþá stærra og á ekkert skylt við sjálfbæra eða umhverfisvæna framleiðsluhætti; hvað þá þegar framleiðslan er flutt út.
- Forsvarsmenn atvinnugreinarinnar neita að horfast í augu við breytta tíma, minnkandi neyslu og nauðsyn þess að laga framleiðsluna að þörfum og landkostum.

Andstaða við breytingar á nýtingu landsins og aðlögun að landgæðum

lýsir afneitun á vandanum. Slík viðhorf hafa meðal annars birst í blaðagreinum forystumanna Bændasamtaka Íslands og ráðherra landbúnaðarmála. Talsmenn óbreyttrar nýtingar beita klassískum aðferðum afneitunarfræðinnar, sem felast meðal annars í því að sífellt er krafist meiri rannsókna og gagna þrátt fyrir að vel rökstudd sérfræðiálit og viðamikil gögn liggja fyrir um ástand landsins. Vitaskuld eru auknar rannsóknir almennt af hinu góða, en krafa um meiri rannsóknir áður en lagt sé í aðlögun framleiðslunnar að landsgæðum er innantóm hagsmunapólitík. Þetta er sama aðferðafræði og sú sem mótuð var í tengslum við afneitun á blýmengun, skaðsemi reykinga og loftslagsbreytingum, stundum nefnd „meiri rannsóknir“ og „sýndu mér gögnin“-aðferðafræði (e. *show me the data*). Brengluð notkun á hugtakinu beitarþol (e. *carrying capacity*) skýtur upp kollinum líkt og draugur úr fortíðinni. Vistkerfi

sem eru illa farin af langvarandi nýtingu, eins og þau sem finna má á gosbeltum landsins, hafa vitaskuld ekki neitt beitarþol, frekar en hægt sé að reikna veiðirétt fyrir hrunda fiskistofna. Tönnlast er á að landið sé að gróa upp, sem á aðeins við sums staðar, að fé fækki (þar sem miðað er við afar óeðlilegt hámark um 1982), að bændur græði upp mikið land (einkum heimalönd, breytir engu um nýtingu afrétta sem ekki ætti að nýta) og að í gildi sé gæðastýring sem tryggja sjálfbæra nýtingu haglendis (sem hún gerir ekki). Slík síbylja rangra staðreynda er einmitt dæmi um notkun klassískar afneitunarfræði.

Stuðningsgreiðslur geta verið orsök áframhaldandi landnýtingar sem viðheldur slæmu ástandi vistkerfa. Dæmi um slíka rangsnúna hvata (e. *perverse incentives*) eru þekkt á landi í almannaeigu (e. *public lands*) víða um lönd, meðal annars í Bandaríkjunum, þar sem beitarnýting á landi í mjög slæmu

ástandi hefur notið ríkisstyrkja (hefur verið kallað *Welfare Ranching* á enskri tungu). Víðast er reynt að vinna ofan af slíkum stuðningi, og það hefur verið gert að stórum hluta innan Evrópusambandsins með umhverfistengingum á styrkjagreiðslum (e. *cross compliance*). Stjórnvöld og bændur á Íslandi eru nú að gera með sér nýjan langtímasamning um sauðfjárrækt. Samningurinn byggist á svokölluðum „gripagreiðslum“, en rannsóknir og reynsla sýna einmitt að slík aðferðafræði leiðir til offramleiðslu afurða og skorts á tengingu við umhverfisaðstæður. Þessi samningagerð sýnir glögglega að sjónarmið náttúruverndar eru gerð hornreka í stjórnsýslunni þegar kemur að beitarnýtingu á Íslandi.

Því þarf að breyta.

Ólafur Arnalds
prófessor við Landbúnaðarháskóla
Íslands